

Sigríður Steindórsdóttir (1921-2000), sjúkrahússtarfsmaður

Afhending 2021/49

Sigríður Steindórsdóttir fæddist 9. ágúst 1921 í Voladal í Suður-Þingeyjarsýslu. Foreldrar hennar voru Steindór Pétursson (1882-1957), bóndi og Guðný Sigurðardóttir (1892-1964), húsfreyja. Sigríður var elst þriggja systkina.

Fyrstu árin bjó Sigríður á ýmsum bæjum með foreldrum sínum og bræðrum, þangað til þau fluttu að Hólum í Öxnadal árið 1929 þar sem systkinin ólust upp.

Fram yfir tvítugt vann Sigríður við búskap með foreldrum sínum en hún stundaði nám í Húsmæðraskólanum á Laugalandi einn vetur.

Eftir það flutti hún til Akureyrar og vann lengst á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri, eða í 40 ár. Sigríður var hlédræg og lítið gefin fyrir fjölmenni og þó hún hafi haldið góðu sambandi við skyldmenni lét hún sig félagsstörf lítið varða.

Sigríður giftist ekki og eignaðist ekki börn. Hún lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri 26. júlí árið 2000.

Afhendingin barst frá Haraldi Þór Egilssyni Minjasafninu á Akureyri. Þetta er eina afhendingin sem hefur borist úr fórum Sigríðar.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri

14. júní 2022

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir

Skjalavörður

Geymsluskrá

2021 / 49

Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni**A - Sigríður Steindórsdóttir****A - Sigríður Steindórsdóttir****1966 - 1968**

A	1	1	1968 - 1968	Bréf frá Heiðu á Hvassafelli (1968); vélritaðar vísur merkt Þórunn Sigurðardóttir frá Merkgili (óársett)
A	1	2	1966 - 1968	Jóla kort til Sigríðar
A	1	3	-	Bók frá Merkgili, inniheldur uppskriftir og glósur